

Skýrsla stjórnar fyrir starfsárið 2023-2024.

1. Fundarstjóri kæru félagar.

Í byrjun starfsársins 2023 voru kynntar niðurstöður Vörðu þar sem farið var yfir niðurstöður úr spurningakönnun um stöður launafólks. Niðurstöður sýna að hlutfallslega fleiri Bárufélagar samanborið við félagsfólk annarra stéttarfélag höfðu orðið fyrir fjórum af þeim sex tegundum réttindabrota sem tilgreind voru í könnuninni.

Þegar litið er til fjölda réttindabrota sem fólk hefur orðið fyrir á vinnumarkaði með tilliti til uppruna má sjá að almennt standa innflytjendur innan Bárunnar betur en innflytjendur innan annarra stéttarféлага. Hins vegar standa þeir mun verr samanborið við innfædda í Bárinni. Mun herra hlutfall innflytjenda en innfæddra innan Bárunnar hefur orðið fyrir einu broti (35,6% á móti 22,2%), tveimur (12,3% á móti 2,4%) og þremur eða fleiri brotum (9,6% á móti 6,4%). Þetta er veruleikinn en á okkar svæði virðist staða þeirra betri.

Í mars á þessu ári komu niðurstöður úr annarri könnun þar sem þar samanburður var gerður milli félaga innan ASÍ og BSRB. Sá samanburður var í raun frekar sláandi og sem kom mest á óvart var sú staðreynd að hversu margir áttu erfitt með ná endum saman. Geta í raun ílla eða ekki ráðið við óvænt útgjöld og eða ekki geta greitt tólmstundir og íþróttastörf barna sinna og telja sem dæmi 39% aðspurðra að fjárhagsstaða þeirra sé verri, en árið áður. Annað sem var sláandi í þessum samanburði var að 80% aðspurðra töldu húsnæðiskostnað sinn vega mjög þungt eða þungt í sínum útgjaldaliðum og að 60% kvenna töldu sig ekki séð fyrir sér og börnum sínum og 47 % karla voru á sömu skoðun.

Á starfsárinu voru gerðir skammtíma kjarasamningar við ríki, sveitarfélög og Sólheima. Einnig Landssamband smábátæigenda. Ekki hefur tekist að semja við Skaftholt í Skeið – Gnúp. Þegar þessar kjarasamningslotu var lokið hófst undirbúningur fyrir þá næstu. Kjarasamningar á almennum markaði voru undirritaðir núna í mars sl. og voru til fjögurra ára. Markmið kjarasamninga var að ná hér niður

verðbólgu og vöxtum, endurreisa tilfærslukerfi heimila og vinnandi fólks. Á móti verða vægast sagt mjög hóflegar launahækkningar. Það er alltaf á ábyrgð launafólks að ná hér niður verðbólgu þó það séu ýmis önnur áhrif sem hefur áhrif á verðbólgu og hefur ekkert með launafólk að gera. Þetta er gömul saga og ný en vonandi gengur þetta eftir og í framhald komi stöðugleiki sem kemur öllum til góða. Enn hefur ekki tekist að semja við aðra aðila, eins og ríki og sveitarfélög. Það kemur kannski ekki á óvart þar sem ákveðnir forystumenn bjuggu til breiðfylkingu sem hélt ekki fram yfir samninga. Opinberu félögunum var ekki boðið að borðinu. Samkvæmt niðurstöðu Vörðu var skýr krafa um vinnutímastyttingu á almennu markaði sem náði ekki fram að ganga.

Vegna ásóknar félagsmanna Eflingar að ganga í Bárúna þegar verkfallsaðgerðir voru hjá Eflingu í fyrra kjarasamningslotunni hafði Leifur Gunnarsson lögmaður okkar samband við formann Eflingar á liðnu ári varðandi félagssvæðin.

„Meginefni fundarins var félagssvæði félaganna fyrir austan Hellisheiði í tengslum við þá umræðu sem hefur átt sér stað innan Bárúnnar upp á síðkastið. Báru þar ýmis atriði á góma í tengslum við félagssvæðin svo sem þjónusta við félagsmenn. Voru aðilar sammála um mörk félaganna tveggja, þ.m.t. í Ölfusi og Grímsnes og Grafningshreppi. Þó breytingar þar á kynnu að koma til umræðu í framtíðinni væri slíkt ekki fyrirsjáanlega á dagskrá.“

Þing Starfsgreinasambands Íslands haldið í október 2023 . Það voru 9 fulltrúar Bárúnnar sem sóttu þingið. Hvert félag fékk fleiri fulltrúa vegna útgöngu Eflingar úr SGS. Það var mat þeirra sem sátu þingið að þar áttu svokallaðar risaeðlur sem hafa stutt ákveðna ofbeldismenningi hefðu mikið vægi á þinginu og mjög veik staða kvenna innan SGS. Niðurstaða kosningar um formann þar sem Signý Jóhannsdóttir einn af reyndustu formönnum landsins fékk mjög slæma niðurstöðu 18,9 prósent í framboði gegn núverandi formanni Vilhjálmi Birgissyni. Niðurstaðan gaf sterkar vísbendingar um að skilaboð kvennaverkfalls fyrr í sömu viku skiluðu sér ekki inn í niðurstöðu þingsins sem er miður

og sýnir ákveðna sorglega stöðu innan SGS. Tillögur laganevndar varðandi mikilvægar breytingar og uppfærslu á lögum hlutu ekki hljómgrunn og almennt þótti þingfulltrúum félagsins fara lítið fyrir framtíðarsýn og vilja til lýðræðislegrar umræðu.

Stærsti viðburður ársins var kvennaverkfallið þann 24. okt sl. Þegar komu saman 100 þúsund manns á Arnarhóli auk þess voru ýmsir viðburðir um allt lands. Báran, stéttarfélag og FOSS buðu upp á rútuferðir frá Selfossi á baráttufundinn á Arnarhóli. Gaman var að sjá hversu margir nýttu sér það. Mætingin á Arnarhól var með eindæmum góð og talið er að met hafi verið slegið. Það gefur auga leið að svona þátttaka gefur skýr merki um það að langt er í land þegar að jafnrétti kynjanna á í hlut og því nauðsynlegt að minna á þessa baráttu með degi eins og þessum.

Félagið hefur stundað mjög markvisst vinnustaðaeftirlit. Frá áramótum höfum við heldur dregið úr vegna anna, en það stendur til bóta. Eins komið hefur fram í fréttum þá blasir við nýr veruleiki. Mansal sem virðist vera að ryðja sér til rúms í okkar samfélagi. Mansal er þegar einstaklingur misnotar eða hagnýtir aðra manneskju á einhvern hátt til að græða peninga eða fá önnur hlunnindi. Þetta er ein alvarlegasta birtingarmynd kynbundins ofbeldis. Stéttarfélögin eru að sjá ýmis konar sviðsmyndir, launafólk fær ekki ráðningarsamninga, tímar eru teknir í burtu úr tímaskráningakerfum, algengt er að starfsfólk vinnur 220 klukkustundir eða meira og fær greidd dagvinnulaun. Mörg dæmi eru síðan um að vinnutíminn er 7 daga vikunnar og aldrei frí. Launafólk sem leigir húsnæði af atvinnurekanda greiðir himinháa leigu og ef ráðningarsamband rofnar þá er fólk sett út á götu. Innheimta vegna vangreiddra launa vegna síðasta árs eru um 40 milljónir.

Þetta er ekki algilt svo það sé sagt þá eru flestir atvinnurekendur mjög til sóma en við erum að sjá fleiri og fleiri dæmi um alvarleg brot á vinnumarkaði. Það sem kemur á óvart í þessu er þegar aðilar eru að útvista verkefnum, eru að ráða verktaka og kynna sér ekki hvernig

málum er háttað varandi starfmannahald. Hvort sem það er á almennum markaði, ríki eða sveitarfélög er bara verið að hugsa um rekstrarlega hlið ekki mannlega. Þegar vísbendingar verða um mansal verða stéttarfélögin vægast sagt vanmáttug og eru úrræðin mjög veik. Við sleppum ekki hér á Suðurlandi frekar en annars staðar. Aðferðir þeirra atvinnurekenda sem stunda mansal eru þekktar. Þeir sem stunda mansal treysta á vanmátt okkar og vanþekkingu. Það er mikilvægt að þær stofnanir sem koma að þessum málaflokki byggi upp traust til fórnarlamba. Ef þú þekkir einkenni og aðferðir við mansal, þá eykur þú líkurnar á að uppræta það.

Trúnaðarmenn félagsins eru 28 talsins og hefur heldur fækkað þó að félagsmönnum hafi fjölgað. Félagið er í átaki núna að fjölga trúnaðarmönnum. Við höfum haldið jóla og páskafundi trúnaðarmanna, starfsmanna og stjórnar. Fundirnir hafa verið vel sóttir og eru alltaf fræðandi og skemmtilegir. Á þessum fundum reynum við að fara yfir það helsta sem er að gerast hverju sinni. Kjaramál, samfélagsumræðu, trúnaðarmenn fara yfir stöðuna á hverjum vinnustað. Þau mál sem helst eru á döfinni hjá félaginu og eða hreyfingunni. Einnig voru haldin trúnaðarmanna námskeið á vegum ASÍ.

Félagsmenn Bárunnar, stéttarfélags voru um áramótin 2023 3505. Fjöldi félagsmanna 2022 var 3.096. Þetta er mikil fjölgun frá fyrra ári. Eins og kom fram á síðasta aðalfundi þá vorum við að spá mikilli útpenslu í ferðapjónustu og hefur það gengið eftir. Eftir covid hefur verið töluverð aukning þeirra sem leita til félagsins til að yfirfara launin sín. Flest málín sem komu á borð félagsins á síðasta ári tengdust ferðapjónustu og byggingariðnaði. Einnig hafa komið upp ýmis mál sem falla undir kjarasamninga á opinberum markaði. Nokkur þeirra hafa komið á borð dómstóla til að leysa. Það er mikil virkni í samskiptum við félagsmenn. Ef talið er heimsóknir á skrifstofu, fyrirspurnir í tölvupósti, umsóknir rafrænt, fréttabréf, símtöl og fl. teljum við að í hverjum mánuði eru þetta rúmlega 2.500

manns/snertingar sem með einum eða öðrum hætti eru í samskiptum við félagið í hverjum mánuði.

Það er orðin góð hefð hér fyrir 1. maí. Þetta er alltaf orðið mjög vel sótt. Lagt var af stað frá Austurvegi 56 með lúðrasveit Selfoss og hestamönnum í fararbroddi. Haldið var á Hótel Selfoss þar sem hin eiginlega dagskrá fór fram. Sonja Ýr Þorbergsdóttir formaður BSRB og Klaudia Joanna Figlarska nemandi í Menntaskólanum á Laugarvatni fluttu frábærar ræður. Glæsilegur Afrekshópur dans akademíunar kom fram. Fríða Hansen og Alexander Freyr tóku lagið. Fimleikadeild Selfoss bauð upp á andlitsmálningu fyrir börnin. Við þökkum öllum þeim sem mættu og héldu daginn hátíðlegan með okkur.

Á síðasta starfsári voru haldnir 16 stjórnarfundir, auk funda í trúnaðarráði/samninganefnd, á vinnustöðum og á skrifstofu félagsins.

Báran, stéttarfélag hefur undanfarin ár styrkt Sjóðinn góða hér á Suðurlandi. Styrkurinn að þessu sinni var kr. 1.000.000. Sjóðurinn hefur það hlutverk að styrkja bágstadda Sunnlendinga fyrir jólin.

Heildariðgjöld vegna ársins 2023 námu 402,4 millj. samanborið við 323.8 milljónir árið 2022 og er það rúmlega 24 % hækkun á iðgjöldum milli ára. Afkoma félagsins ársins er jákvæð um rúmlega 122 milljónir samanborið við 70 milljónir vegna ársins 2022. Eignir félagsins eru orðnar 1.056 millj. en voru 870 milljónir vegna ársins 2022.

Sjúkrasjóður greiddi á árinu 2023 út í sjúkradagpeningum kr. 111,8 milljónir. Vegna ársins 2022 voru greiddir sjúkradagpeningar kr 77,7 milljónir. Er það hækkun um 44% á milli ára. Sjúkra og forvarnarstyrkir vegna ársins 2023 voru kr. 35 millj. samanborið við 22,6 vegna ársins 2021, eða um 28% hækkun. Samræmist það vel stefnu stjórnar að gera vel í forvarnarstyrkjum

Niðurstaða rekstrar sjúkrasjóðs 2023 fyrir fjármagnsliði er 4 milljónir í mínus en voru 15,7 í plús vegna 2022. Samkvæmt viðmiðunnarreglugerð ASÍ ber félögunum skylda til þess að taka út tryggingafræðilega stöðu sjúkrasjóðanna. Bjarni Guðmundsson tryggingastærðfræðingur gerði úttekt á sjúkrasjóð félagsins. Niðurstaðan var þetta væri í lagi en ekki væri hægt að bæta í réttindi að þessu sinni. Félagið hefur verið að bæta í styrkinga á hverjum aðalfundi fram að þessum. Leigutekjur af íbúð sjúkrasjóðs er tæplega ein milljón vegna ársins 2023 og er það nánast sama upphæð og vegna 2022.

Aðsókn í orlofshús félagsins er alltaf töluverð. Helgarleigan hefur verið svipuð og fyrri ár. Nánast allar helgar á liðnu starfsári hafa verið uppbókaðar hvort heldur er á Akureyri, Reykjavík, Grímsnesi eða Flúðum. Eins og áður var ákveðið var að auglýsa orlofshúsin snemma í ár vegna ábendinga sem við höfum fengið um að fylgja öðrum stéttarfélögum. Félagið er með skipti á húsum við Eflingu í Svignaskarði á móti einu húsi í Þverlág. Einnig skiptum við á húsi við Stykkishólm við Verkalýðsfélag Snæfellinga á móti öðru húsi í Þverlág. Umsóknir um orlofshús félagsins sumarið 2024 voru 66. Íbúð sjúkrasjóðs í Reykjavík fer aldrei í úthlutun en hægt er að leigja hana eins og hver vill. Stjórn sjúkrasjóðs samþykkti að leigja íbúð félagsins til Grindvíkinga fram í lok febrúar. Var mér falið að skila bestu kveðjum til félaga Bárunnar frá þessu sómafólki frá Grindavík. Félagið festi í desember kaup á glæsilegri búð að Borgartúni 24 A í Rvk. Vonandi tekst okkur að setja hana í útleigu í byrjun júní. Vegna fjölgunar félagsmanna er félagið er að skoða viðbótarorlofshús hér í uppsveitum Árnassýslu. Félagsmenn vilja yfir vetrartímam helst ekki keyra of langt. Vinsælasti bústaður félagsins er Grýluhraun í Grímsnesi. Það er ca 10. mín akstur frá Selfossi. Leigutekjur orlofssjóðs vegna orlofshúsa eru 6 milljónir sem er á móti 5 milljónum vegna ársins 2023. Afkoma orlofssjóðs er 38 milljónir á móti 27 milljónum vegna ársins 2022.

Útilegukortin eru áfram niðurgreidd myndarlega og kosta félagsmanninn kr. 7.000. Veðikortið er á á kr. 5.100. Það hefur aðeins hækkað. Þeir sem hafa látið af störfum njóta einnig niðurgreiðslu. Ýmsir afslættir eru inn á orlofvefnum og verður ferðaávísunin áfram, þar sem er möguleiki fyrir félagsmenn að kaupa ferðaávísun með fyrir fram ákveðnum upphæðum. Hægt verður að nýta ferðaávísunina hjá þeim samstarfsaðilum sem næst að semja við um afslætti fyrir félagsmenn. Endilega kynnið ykkur þetta inn á innri vef félagsins.

Á árinu voru greiddar 35,4 milljónir til 541 einstaklinga í styrki úr starfsmenntasjóðum félagsins sem eru Landsmennt, Ríkismennt og Sveitamennt. Að auki voru félagsmenn styrktir í beint gegnum atvinnurekendur. Stærsti hluti styrkjanna eru í háskólanám. Það er töluverður kynjahalli í þessu, því konur eru 59% á móti 31% karlar sem nýta styrkina. Á árinu 2022 voru konur 62%. Nám verður alltaf aðgengilegra og alltaf verið að færa nám nær fólki. Vil ég hvetja ykkur og fleiri til þess að fara inn á heimasíður fræðslusjóðanna og kynna ykkur hvað er í boði.

Á liðnu starfsári var samþykkt 11 atvinnuleyfi á móti 23 á liðnu ári.

SMS er samheiti á samstarfi minni stéttarféлага. Það eru 8 stéttarfélög sem standa að þessu samstarfi sem hófst formlega í ágúst 2021. Verkefnið er margþætt og meginmarkmiðið er fagleg vinnubrögð og betri kjör fyrir félagsmenn. Fjóla Pétursdóttir lögfræðingur er í 60% starfi hjá þessum félögum og samnýtum við alla þá þætti sem við getum varðandi verklagsreglur, kjarakannanir, fræðslu, orlofskosti, kjaramál og túlkun kjarasamninga og fleira sem kemur upp hverju sinni. Ánægjulegt og gott samstarf. Báran, stéttarfélag, VR og Félag Iðn-og tæknigreina reka í sameiningu Þjónustuskrifstofu stéttarfélaganna að Austurvegi 56 hér á Selfossi. Einnig er í okkar húsnaði, Festa lífeyrissjóður, Virk starfsendurhæfing og Vörður félag stjórnenda. Verulega er farið að þrengja að starfsemi félagsins í

húsnæðinu að Austurvegi 56. Umræður í stjórn hafa verið að stækka húsnæðið. Gaman að segja frá því að það er komin saman hagsmunahópur sem eru að spá sameiginlega í húsnæði þar sem yrði bætt þjónusta fyrir félagsmenn. Samheitið yrði Vinnumarkaðshús sem myndi hýsa stéttarfélagin og fleiri aðila sem viðkoma launafólki. Þetta er allt á byrjunarstigi og ekkert ákveðið enn þá.

Fjórir ráðgjafar eru hjá Virk starfsendurhæfingu og tveir starfsmenn tilheyra ÞSS Árdís Óskarsdóttir á þjónustuborði og Kristín Ríkharðsdóttir í ræstingum.

Starfsmenn Bárunnar, stéttarfélags í dag eru Þór Hreinsson, Gunnar Ólafsson, Marta Kuc, og Halldóra S. Sveinsdóttir. Fjóla Pétursdóttir lögfræðingur og Leifur Gunnarsson lögmaður hjá LMG eru einnig að þjónusta félagið. Guðjóna Sigurðardóttir og Þórarinn Thorlacius létu af störfum í byrjun árs.

Að lokum vil ég þakka starfsmönnum, stjórn og trúnaðarmönnum bestu þakkir fyrir gott samstarf, ég vil þakka áheyrnina og hvet okkur til að eiga góðan aðalfund saman.